



60. Ársþing HSI haldið í Laugardalshöll

22. apríl 2017

Pingskjal nr: 6

Tillaga um Lög HSI

Flutningsaðili: Laganefnd HSI

31. gr. Dómstigin.

Dómstólar HSI eru dómstóll HSI og áfrýjunardómstóll HSI. Þeir skulu hafa fullnaðarlögsögu yfir þeim málefnum sem koma upp innan vébanda HSI og varða lög og reglur HSI eftir því sem við á, en á þessum lögum og reglum skulu dómstólar HSI byggja niðurstöður sínar. Dómstólar HSI skulu lúta ákvæðum laga þessara og skulu öll ágreiningsmál er varða handknattleik rekin fyrir dómstólum HSI. Lög Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands um dómstólaskipan skulu þó vera þessum reglum til fyllingar eftir því sem við getur átt.

Dómstóll HSI er fyrsta dómstig í málum sem upp koma innan handknattleikshreyfingarinnar.

Áfrýjunardómstóll HSI er æðsti dómstóll innan handknattleikshreyfingarinnar.

Dómstólar HSI skulu hafa aðsetur á skrifstofu HSI [og er tölvupóstfang dómstólanna hsi@hsi.is](mailto:hsi@hsi.is). HSI ber að tilkynna án tafar allar breytingar sem verða á dómstólaskipan innan sambandsins, en skrá sú sem haldin er á skrifstofu HSI telst alltaf lögfull sönnun á því hvar eigi að reka mál.

Rökstuðningur:

Í ljósi þess að tekin hafa verið af öll tvímæli um að heimilt sé að senda kæru með tölvupósti þá er rétt að tekið sé fram í lögnum hvaða tölvupóstfang sé í gildi fyrir dómstólinn.